

Reykjavík, 22 janúar 2019
R19010300

Borgarráð

Reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að reglum um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Reglur um ráðningar í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, drög.

Reglur um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands, dags. 27. apríl 2012

Reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg

1. Borgarráð hefur það hlutverk samkvæmt 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum, að ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum. Reglur þessar gilda um þær ráðningar.
2. Tilgangur þessara reglna er að stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningarferli þar sem gagnsæi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum.
3. Áður en starf eins æðsta stjórnanda hjá Reykjavíkurborg er auglýst laust til umsóknar skv. 75. gr. skal borgarstjóri leggja eftirfarandi fram til samþykktar í borgarráði:
 - a. tillögu að auglýsingu um starfið í samræmi við 2. gr. reglna um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Í auglýsingunni skal koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hver umsóknarfrestur sé og hvert beri að skila umsóknum. Í auglýsingu skal einnig tilgreina þær kröfur sem umsækjendur um starfið skulu uppfylla sem og æskilega kosti þeirra að öðru leyti. Skal auglýsingin og þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda vera grundvöllur þeirra menntunar- og hæfnisviðmiða sem notuð verða við mat á umsóknum umsækjenda í ráðningarferlinu.
 - b. tillögu að skipan ráðgefandi hæfnisnefndar sem hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir og leggja mat á hæfni umsækjenda um starfið. Í hæfnisnefnd hverju sinni skulu a.m.k eiga sæti þrír einstaklingar, þar af einn utanaðkomandi aðili. Við skipan hæfnisnefndar skal tryggt að fyrir hendi sé góð þekking á viðkomandi málaflokki, stjórnáslu Reykjavíkurborgar og mannauðsmálum. Í tillögu kemur fram hver nefndarmanna gegnir formennsku. Jafnframt skal gætt að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við skipan hæfnisnefndar. Starfsfólk Reykjavíkurborgar sem skipað er í hæfnisnefnd fær ekki greitt sérstaklega fyrir þau störf en samið skal við utanaðkomandi um hæfilega þóknun fyrir störf í hæfnisnefndinni.
 - c. tillögu um áætlun að ráðningarferli, þar sem koma skulu fram upplýsingar um tilhögun ráðningarferlisins að öðru leyti, þar á meðal um hvort og þá hvaða aðili muni aðstoða hæfnisnefnd í störfum sínum.
4. Starfið skal auglýst laust til umsóknar í fjölmiðlum og á vef Reykjavíkurborgar þegar samþykkt borgarráðs liggur fyrir. Umsóknarfrestur skal almennt vera að minnsta kosti tvær vikur. Borgarstjóra er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en umsóknarfrestur er liðinn, ef þörf krefur, að höfðu samráði við borgarráð og formann ráðgefandi hæfnisnefndar.
5. Þegar umsóknarfrestur er liðinn skal innan þriggja sólarhringa birta opinberlega lista yfir umsækjendur með starfsheitum þeirra.
6. Hæfnisnefnd skal leggja mat á umsóknir, fylgigögn með þeim og aðrar þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við áætlun um ráðningarferil. Jafnframt skal hæfnisnefnd sinna öðrum hefðbundnum störfum í ráðningarferlinu í samræmi við þá tilhögun ráðningarferlis sem kynnt var í borgarráði. Skulu reglur nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands gilda um störf hæfnisnefndar eftir því sem við á, það er þau atriði sem snúa að sérstöku hæfi nefndarmanna, verkefnum hæfnisnefndar og málsmeðferð,

skýrslu nefndarinnar, þagnarskyldu og varðveislu gagna og aðgangi að þeim. Í störfum sínum ber hæfnisnefnd að fara að stjórnslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og öðrum lögum og reglum eftir því sem við á. Hæfnisnefnd skal setja saman skýrslu um störf sín þar sem fram komi m.a. mat á því hvaða umsækjandi/umsækjendur teljast hæfastir miðað við skilgreind hæfnisviðmið um starfið.

7. Meti borgarráð það svo að þörf sé á frekari rannsókn málsins getur borgarráð vísað málinu á ný til hæfnisnefndar. Taki borgarráð ákvörðun um að víkja frá tillögu hæfnisnefndar ber því að gæta að sömu lögum og reglum við málsmeðferð og hæfnisnefnd ber að gera.
8. Að fenginni skýrslu hæfnisnefndar og eftir atvikum að lokinni frekari meðferð málsins á vettvangi borgarráðs skal borgarstjóri gera tillögu um ráðningu í starfið til samþykktar borgarráðs. Öll gögn málsins skulu vera aðgengileg borgarráðsfulltrúum á sama tíma og önnur gögn sem lögð eru fram til afgreiðslu á fundum borgarráðs.
9. Borgarráð tekur að fenginni tillögu borgarstjóra ákvörðun um ráðningu. Áður en ákvörðun borgarráðs er birt skal veita hæfilegan tími til að upplýsa aðra umsækjendur um ákvörðunina.
10. Reglur þessar eru settar með vísan til 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi borgarráðs xx. janúar 2019

REGLUR

um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um störf ráðgefandi hæfnisnefnda, skv. 18. og 19. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands.

2. gr.

Markmið.

Tilgangur reglnanna er að stuðla að því að val á ráðuneytisstjórum og skrifstofustjórum í ráðuneytum ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningarferli þar sem jafnræði og gagnsæi eru höfð að leiðarljósi.

3. gr.

Skipan hæfnisnefndar.

Skipa skal ráðgefandi hæfnisnefnd í hvert sinn er skipa þarf ráðuneytisstjóra eða skrifstofustjóra á grundvelli 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Þar skulu eiga sæti þrjú einstaklingar. Ráðherra skipar nefndina og gætir þess að þar sé fyrir hendi góð þekking á starfsemi Stjórnarráðs Íslands og mannaudsmálum. Jafnframt skal gætt að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla varðandi skipan í nefndir.

Ráðherra ákveður hver nefndarmanna gegnir formennsku.

4. gr.

Sérstakt hæfi nefndarmanna.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Ef umsækjandi um embætti telur að nefndarmaður sé vanhæfur skal hann svo fljótt sem auðið er gera ráðherra grein fyrir þeirri afstöðu sinni á rökstuddan hátt. Athugasemdirnar skulu sendar hæfnisnefndinni til úrlausnar lögum samkvæmt.

5. gr.

Verkefni hæfnisnefndar.

Starf hæfnisnefndar skal miða að því að leiða í ljós með gagnsæjum hætti hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til að hljóta skipun í viðkomandi embætti. Nefndin skal í hvívetna gæta samræmis gagnvart umsækjendum, þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Hæfnisnefnd skal vera sjálfstæð í störfum sínum að öðru leyti en því er greinir í 2. og 3. mgr. um staðfestingu ráðherra á áætlun um ráðningarferli.

Við upphaf starfs hæfnisnefndar skal ráðherra, að fenginni tillögu nefndarinnar, gera áætlun um ráðningarferli. Til grundvallar slíkri áætlun eru þeir þættir sem leiða má af auglýsingu um starfið, þeim reglum sem um það gilda og öðrum málefnalegum sjónarmiðum. Í áætlun skal meðal annars koma fram til hvaða atriða hæfnisnefnd er skylt eða heimilt að líta við mat á einstökum þáttum og hverjar skuli vera áherslur í því sambandi. Jafnframt skal koma fram í áætluninni hvaða aðferðafræði eigi að beita við mat á umsækjendum að öðru leyti, t.d. hvort leggja eigi fyrir skrifleg próf af tilteknu tagi, og hvert skuli vera fyrirkomulag viðtala umfram það sem kveðið er á um 6. gr. Loks skal áætlunin kveða á um hvaða frest nefndin hafi til að ljúka verkefni sínu.

Telji nefnd nauðsynlegt síðar í ráðningarferlinu að bæta við matsþáttum eða fella þá út skal hún afla samþykkis ráðherra.

6. gr.

Nánar um málsmeðferð.

Hæfnisnefnd fer yfir og metur umsóknir, fylgigögn með þeim og aðrar þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við áætlun um ráðningarferli, sbr. 2. mgr. 5. gr. Nefndin skal gæta þess að skrá niður meginatriði þess sem fram kemur í viðtölum við umsækjendur og umsagnaraðila.

Í því skyni að stuðla að jafnræði milli umsækjenda er nefndinni rétt að styðjast við staðlaðan spurningalista í viðtölum. Nefndarmenn skulu hver í sínu lagi meta umsækjendur áður en þeir bera saman bækur sínar.

Gæta skal að andmælarétti umsækjanda samkvæmt stjórnarsýslulögum, einkum þannig að sé byggt á upplýsingum, sem hæfnisnefnd aflar frá þriðja aðila, sem eru umsækjanda í óhag, þá hafi honum áður gefist kostur á að tjá sig um þær.

7. gr.

Skýrsla hæfnisnefndar.

Hæfnisnefnd skal skila skýrslu til ráðherra um störf sín. Þar skal í stuttu máli rekja ráðningarferlið, forsendur þess, gögn og vinnubrögð, þar á meðal hvernig samskiptum nefndar við ráðuneyti, umsækjendur og umsagnaraðila hefur verið háttað. Í skýrslunni skal koma fram með rökstuddum hætti hvaða umsækjendur séu að mati nefndarinnar hæfastir, miðað við þau sjónarmið sem leggja ber til grundvallar við skipun í embættið. Jafnframt skal með sama hætti koma fram hvort og þá hverjir aðrir af umsækjendum hafi verið taldir koma til álita og hverjir ekki.

Þegar skýrsla hæfnisnefndar liggur fyrir metur ráðherra hvort ástæða sé til frekari gagna- eða upplýsingaöflunar, svo sem í formi viðtala.

Niðurstaða hæfnisnefndar er ráðgefandi við skipun í embætti, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, en við ákvörðun ráðherra ber að taka mið af fyrirbyggjandi ráðningaráætlun, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr.

8. gr.

Þagnarskylda.

Nefndarmenn skulu gæta þagmælsku um atriði er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi.

9. gr.

Varðveisla gagna og aðgangur að þeim.

Gögn hæfnisnefndar skulu varðveitt í skjalasafni ráðuneytis og síðar í Þjóðskjalasafni.

Ráðuneyti leysir úr beiðnum um aðgang að gögnum hæfnisnefnda á grundvelli stjórnarsýslulaga og upplýsingalaga.

10. gr.

Þóknun nefndarmanna og annar kostnaður.

Þóknananefnd ákveður laun þeirra sem starfa í hæfnisnefndum, á grundvelli erindis og gagna frá viðkomandi ráðuneyti. Ráðuneyti sér nefnd fyrir ritara eða öðru starfsfólki ef þörf krefur og greiðir allan kostnað af störfum hennar.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 19. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 27. apríl 2012.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2012